

STAFASTUND – TIL KENNARA

Menntamálastofnun hefur gefið út stafakönnun sem getur veitt góðar upplýsingar um það hversu marga bókstafi og hljóð nemendur hafa á valdi sínu. Stafakönnunina má leggja fyrir hvenær sem er en lagt er til að það sé alltaf gert þegar stafainnlögn lýkur og að vori við lok 1. bekkjar. Það er ekki nauðsynlegt að leggja könnunina fyrir alla nemendur heldur aðeins þá sem kennarann grunar að hafi ekki náð fullkomnum tókum á tengingu bókstafstákns og hljóðs en sú færni er mjög mikilvæg fyrir gott gengi í lestrarnámi.

Stafastund er sérstaklega ætluð þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér bókstafi og hljóð og hafa ekki náð tókum á færninni við lok 1. bekkjar. Efnið er gagnlegt fyrir foreldra sem vilja nýta sumarið til að styrkja undirstöðuþekkingu barna sinna í lestri en Stafastund getur einnig nýst í vinnu í leik- og grunnskóla á meðan skólastarf er í gangi.

Þrátt fyrir að það séu í flestum tilvikum foreldrar sem annast lestrarþjálfun barna sinna eru það stundum aðrir sem taka að sér þetta hlutverk svo sem forráðamenn, afar og ömmur eða systkini. Við notum því orðið lestrarþjálfari yfir þá sem taka að sér þjálfunina.

Framkvæmd

- Kennari framkvæmir stafakönnun á nemanda og skráir hjá sér frammistöðu hans.
- Foreldrar eru upplýstir um frammistöðu nemandans og boðið að fá efnið heim.
- Foreldrar/forráðamenn sem vilja nýta sér námsefnið eru boðaðir á fund þar sem kennarinn fer yfir notkun á efninu, hvaða bókstafi þarf að leggja áherslu á og svarar öðrum spurningum foreldra. Foreldrar/lestrarþjálfari gæti þurft tilsögn í hljóðum bókstafa en þá er hægt að benda á forritið Stafaplánetur á vef Menntamálastofnunar.
- Kennari tekur til gögn.
- Kennari og lestrarþjálfari ákveða í sameiningu dagsetningu fyrir endurmat.

Gögn

- Stafastund: Upplýsingar til lestrarþjálfara, stafþjálfunin (innlögn og leikir), yfirlit yfir verkefni og skrá yfir tengiorð.
- Myndir prentaðar í lit, á stífan pappír og plastaðar. Lausir litlir og stórir stafir í hvaða formi sem er en hægt er að ljósrita eða prenta út litlu og stóru stafina sem fylgja með verkefninu. Gott að hafa tvö eintök af litlum stöfum því þá er hægt að skrifa fjölbreyttari orð.
- Lítil askja eða plastkassi til að geyma spjöldin í (er örugglega til á flestum heimilum).
- Lestrarþjálfurum er bent á forrit hjá MMS (Stafaplánetur, Stafaleikir Búa, Stafaleikir Bínu og Lestur er leikur) eða önnur gagnleg forrit sem finna má upplýsingar um á Lesferilsvefnum.
- Límmiðar

Gangi ykkur vel!

STAFASTUND – TIL LESTRARÞJÁLFARA

Meginmarkmið með verkefnum Stafastundar er í raun aðeins eitt: **Að barnið geti tengt saman öll bókstafsheiti og bókstafshljóð af fullkomnu öryggi og nýtt sér þessa þekkingu til að lesa og skrifa einföld orð.** Þessi færni er undirstaða lestrar og ritunar og því sjálfvirkari sem hún er því auðveldara verður allt lestrarnám.

Aðeins um orðaforða

Góður orðaforði er mjög mikilvægur fyrir góðan lesskilning. Börn, sem eru lengi að ná tökum á lestri, lesa sér seinna til gagns en önnur börn sem getur gert það að verkum að þau öðlist ekki nægan orðaforða til að takast á við nám af fullum krafti þegar yfirferð á lesefni eykst. Það er því sérstaklega mikilvægt að foreldrar séu duglegir að lesa fyrir börn sín fjölbreyttan texta og ræða ný orð og hugtök.

Tölvuforrit

Það getur verið gott að auka fjölbreytni í stafavinnu með því að nota forrit í lpad eða í tölvu en athugið að barnið á alltaf að vinna með forrit undir handleiðslu lestrarþjálfara. Ástæðan fyrir því er sú að börnum hættir til að flýta sér í gegnum verkefni og leysa þau á handahófskenndan hátt án mikillar umhugsunar. Tölvun býður heldur ekki upp á gagnvirk samtál eða endurgjöf og því er hægt að græða meira á notkun forrita undir handleiðslu lestrarþjálfara.

Tillaga að þjálfunarfyrirkomulagi

Lestarþjálfari er í flestum tilvikum foreldri en þeir þekkja börn sín að jafnaði best. Hér fyrir neðan er tillaga að þjálfunarfyrirkomulagi en það má laga að getu og úthaldi barnsins, allt eftir því hvar það er stadd í lestrarnámi sínu og hversu mikla endurtekningu það þarf. Lengd þjálfunarlotu ræðst af áhuga og úthaldi barnsins en stuttar daglegar lotur skila meiri árangri og ánægju en langar og óreglulegar lotur. Gott er að byrja á því að gefa barninu 2-3 vikna sumarfrí áður en þjálfunin hefst en skipulagið gæti litið svona út:

Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4	Dagur 5
Stafastund-verkefni Upprifjun/innlögn Stafaleikur	Tölvuforrit	Stafastund-verkefni Upprifjun/innlögn Stafaleikur	Tölvuforrit	Val
Lesið fyrir barn eða hljóðbókarhlustun	Lesið fyrir barn eða hljóðbókarhlustun	Lesið fyrir barn eða hljóðbókarhlustun	Lesið fyrir barn eða hljóðbókarhlustun	Lesið fyrir barn eða hljóðbókarhlustun

Gangi ykkur vel!

STAFASTUND – STAFARJÁLFUN

Stafaupprifjun/stafainnlögn

1. Rennið í gegnum alla litlu stafina, bæði bókstafsheiti og hljóð (þessi stafur heitir ____ og segir ____). Takið frá þá stafi sem barnið þekkir ekki hratt og örugglega.
2. Í byrjun hverrar vinnustundar eru allir bókstafir, sem barnið kann, rifjaðir upp og **aðeins unnið með einn nýjan staf í einu**. Hægt er að leyfa barninu að velja nýja stafinn sem á að vinna með.
3. Nafn nýja stafsins: Talið um það hvernig stafurinn lítur út og tengið hann við mynd (t.d. M-m fyrir mús). Ræðið bæði um útlit stóra og litla stafsins. Meðfylgjandi er listi af myndaorðum.
4. Hljóð nýja stafsins: Sýnið hvernig hljóðið er myndað með talfærum og látið barnið endurtaka hljóðið á sama tíma og það horfir í spegil.
5. Tengid saman bókstaf og hljóð með því að láta barnið horfa á stafinn og endurtaka bæði heiti og hljóð hans (t.d. þessi stafur heitir emm og segir mmm).

Stafaleikir

Fyrst, síðast og á milli

- Biðjið barnið að finna fyrsta hljóð í orði (hvaða hljóð er fyrst í orðinu „mál“?).
- Biðjið barnið um að finna síðasta hljóð í orði (hvaða hljóð er síðast í orðinu „mál“?).
- Biðjið barnið um að finna hljóðið sem er í miðjunni (hvaða hljóð er í miðjunni?).
- Biðjið barnið um að finna öll hljóðin í orðinu (segðu öll hljóðin í orðinu mál).

Til athugunar: Börn eiga auðveldast með að finna hljóðin í framstöðu en smám saman eykst færnin þar til þau geta greint öll hljóð í orði. Börn geta nefnt hljóð orða án þess að þekkja bókstafsheiti.

Nota má orðin á tengiorðalistanum en orðin á honum voru valin vegna þess að þau eru hljóðfræðilega gegnsæ og henta því vel í vinnu af þessu tagi.

Eins eða ekki alveg eins?

Finnið orð, bæði sem byrja á hljóði stafsins og ekki, og látið barnið skera úr um hvort hljóðið er í upphafi orðsins eða ekki (t.d. er mmm í mús? Er mmm í nál?).

Hvar er hljóðið?

Lestrarþjálfari segir orð með hljóðinu og barnið þarf að greina hvort hljóðið er fremst, í miðju eða aftast í orðinu. Hér er mikilvægt að vinna með einföld orð í fyrstu en þyngja eftir því sem færnin eykst (er m fremst, í miðjunni eða aftast í orðinu?). Tryggið að barnið þekki hugtökin „fremst“, „í miðjunni“ og „aftast“.

Stafalyftan

Mynduð er lóðrétt röð (lyftuhús) með þeim sérhljóðum sem barnið þekkir og er stafurinn, sem verið er að þjálf, dreginn upp vinstra megin við stafalyftuna og niður hægra megin. Um leið og lyftan stoppar á hverri hæð, á leið sinni upp og niður, er stafurinn í lyftunni tengdur við stafinn í lyftuhúsinu.

Litli og stóri

Þetta er einfaldur samstæðuleikur þar sem barnið parar saman stóra og litla stafi. Slagur fæst ef barnið parar saman réttan stóran og lítinn staf og getur nefnt heiti og/eða hljóð stafaparsins. Fjöldi stafapara í leik ræðst af því hversu gott barnið á með verkefnið en gott er að byrja smátt og fjölga svo þörunum. Hér getur verið gott að læða inn tveimur stafapörum sem barnið þekkir ekki og nota tækifærið til að ræða þau.

Við pössum saman – I

Í þessum samstæðuleik parar barnið saman lágstaf og viðeigandi mynd (t.d. a og api). Slagur er ekki gildur nema barnið geti sagt a (bæði heiti og hljóð) fyrir api o.s.frv.

Við pössum saman – II

Þegar stafabekking barnsins er orðin nokkuð örugg er hægt að láta það para saman eins margar myndir og stafi og það getur innan ákveðins tíma. Þegar tíminn er liðinn er hægt að telja saman slagina en þeir eru ekki gildir nema barnið geti nefnt bæði heiti og hljóð upphafshljóðs orðsins á myndinni (mmm fyrir mús og stafurinn heitir emm).

Stafaveiðimaður

Hér á að veiða staf og mynd sem passar saman. Byrjið á því að fara yfir myndaheitin svo allir séu með þau á hreinu. Gott er að vinna aðeins með hluta af myndum og stöfum (8-12 pör) þar sem leikur með allt stafrófið gæti dregist á langinn. Dregin eru fimm spil og spurt svona:

Þegar þú ert með stafaspjald á hendi: Áttu mynd með orði sem byrjar á „k“ (annaðhvort heiti eða hljóð).

Þegar þú ert með myndaspjald á hendi: Áttu stafinn sem segir „k“ (eða heitir ká)?

Að öðru leyti er spilað samkvæmt reglum venjulegs veiðimanns.

Athugasemd

Nota má lestrarspilið sem fylgir námsefninu *Listin að lesa og skrifa* til að spila nokkrar útgáfur af Veiðimanni og para t.d. sama myndir og orð eða myndir og stuttar málsgreinar.

Hljóðakeðja - orð

Um leið og barn hefur nokkra bókstafi á valdi sínu getur það farið að tengja saman hljóð í orð. Hægt er að nota litlu stafina sem það kann til að mynda orð, bæði orð sem hafa merkingu og ekki – það er stundum gaman að búa til bull og það er líka góð æfing að lesa bullorð. Eftir því sem bókstafsþekking barnsins eykst er hægt að mynda fjölbreyttari orð og svo má nota stóru stafina til að búa til alls konar sérnöfn!

Kubbaleikur

Finnið til nokkra kubba eða annað sem er eins að lögun og lit sem lestrarþjálfarinn geymir hjá sér. Lestrarþjálfarinn nefnir orð og á barnið að finna út hversu mörg hljóð eru í orðinu og biðja um jafn marga kubba. Það getur verið gott að byrja á því að telja hljóðin á fingrunum upphátt (m-ú-s = þrjú hljóð) en það gefur lestrarþjálfaranum tækifæri til að hlusta á hvernig barnið hugsar og leiðrétta það ef þörf krefur. Þegar búið er að finna út réttan kubbafjölda styður barnið vísifingri á kubbana, nefnir hljóð hvers og eins og tengir síðan saman í orð. Loks finnur það til réttan bókstaf fyrir hvert hljóð sem það setur undir réttan kubb og les svo orðið í heild sinni. Það er líka hægt að skrifa orðin á lista sem notaður er til að æfa lestur og ritun þeirra.

Yfirlit yfir verkefni

Hér er hægt að halda utan um fyrirlögn stafaleikjanna.

Leikur	Dagsetning	Dagsetning	Dagsetning	Dagsetning	Dagsetning	Dagsetning
Fyrst, síðast og á milli						
Eins eða ekki alveg eins						
Hvar er hljóðið?						
Stafalyftan						
Litli og stóri						
Við pössum saman I						
Við pössum saman II						
Stafaveiði- maður						
Hljóðakeðja – orð						
Kubbaleikur						

Nýju bókstafirnir mínir

Hér er hægt að skrá bókstafi/hljóð sem barnið hefur lært.

Dagsetning	Bókstafur	Límmiði	Dagsetning	Bókstafur	Límmiði

Skrá yfir tengiorð á myndum

Stafur	Tengiorð	Stafur	Tengiorð
a	api	ó	ól
á	ár	p	pera
b	bolti	r	rúm
d	dós	s	sól
ð	bað (ð er ekki til í framstöðu orða)	t	tár
e	epli	u	ugla
é	él	ú	úr
f	fáni	v	vasi
g	gos	x	kex (x ekki til í framstöðu orða)
h	hús	y	Ylfa
i	il	ý	ýsa
í	ís	þ	þota
j	jól	æ	ær
k	kisa	ö	öxi
l	lás	au	auga
m	mús	ei	Einar
n	nál	ey	eyra
o	ostur		

Á	S	Í	A	L	Ó
I	Ú	M	U	E	V
N	Æ	J	F	É	H
G	Ð	Ö	B	Y	Þ
D	Ý	Au	Ei	P	X
R	O	T	K	Ey	

á	s	í	a	l	ó
i	ú	m	u	e	v
n	æ	j	f	é	h
g	ð	ö	b	y	þ
d	ý	au	ei	p	x
r	o	t	k	ey	

